

Fundargerð fundar FORMA 27.4.2015 kl. 17:00

Fundinn sátu:

Jón Stefán Baldursson formaður, Ragnheiður Halldórsdóttir, Þuríður Árnadóttir, Pétur Halldórsson og Herdís Zophoníasardóttir.

Gestur fundarins var Jón Már Héðinsson, skólameistari

1. Skólameistari mætti á fundinn og sagði frá þeim breytingum sem gerðar verða haustið 2016 þegar námið breytist úr 4 ára námi í 3 ára nám. Ný námskrá gerir ráð fyrir að námið fari úr 240 einingum niður í 210 einingar. Námið verður einstaklingsmiðaðra en áður og með sveigjanlegum námslokum til að mæta þörfum nemenda ef þess þarf. Að lokum fór hann yfir fjármögnun rekstrarins.

2. Farið var yfir könnun sem gerð var í fyrsta bekk vegna ferðar á Hólavátn í byrjun hausts. Ljóst er að bæta þarf upplýsingastreymið í aðdraganda ferðanna, tryggja að þær verði ekki skipulagðar á sama tíma og kynningar á félagsstarfi skólans fara fram og að lokum þarf að endurskoða hópeflið og dagskrá ferðanna.

3. Samstarfsnefnd FORMA og Hugins fundað 12.3.2015. Ítreka þarf viðbrögð varðandi drög að samstarfi og ákveða næsta fund félaganna.

4. Önnur mál: Ekki voru fleiri mál á dagskrá

Fundi slitið 18:20

Fundarritari: Ester Stefánsdóttir